

REGLUGERÐ

um nýbyggingargjald.

1. gr.

Leggja skal sérstakt gjald, nýbyggingargjald, á öll mannvirki sem meta skal fasteignamati samkvæmt lögum nr. 94 20. maí 1976 um skráningu og mat fasteigna og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim lögum, sbr. þó 2. gr.

2. gr.

Undanþegin gjaldskyldu eru eftirtalin mannvirki:

1. Íbúðarhúsnæði. Til íbúðarhúsnæðis í þessu sambandi teljast bilageymslur sem eru í tengslum við tiltekið íbúðarhúsnæði og ætlaðar eru til notkunar íbúa þess, hvort sem viðkomandi bifreiðageymsla er sambyggð íbúðarhúsnæðinu eða ekki. Þá teljast sumarbústaðir til íbúðarhúsnæðis í þessu sambandi.
 2. Mannvirki sem undanþegin eru fasteignaskatti samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum, það eru sjúkrahús, kirkjur, skólar, íþróttahús, endurhæfingarstöðvar, barnaheimili, orlofsheimili launþegasamtaka, skipbrotsmannaskýli, sæluhús, félagsheimili og samkomuhús, sem ekki eru rekin í ágóðaskyni, öryrkja- og elliheimili og heilsuhæli, þó ekki húsnæði slíkra stofnana, sem notað er til atvinnurekstrar, bókasöfn og önnur safnhús, svo og hús annarra ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum.
- Nú er hluti mannvirkis sem undanþegið er gjaldskyldu samkvæmt þessari grein ætlaður til atvinnurekstrar eða annarra nota en þeirra er undanþáguna helga og skal þá sá hluti gjaldskyldur sbr. 1. mgr. 3. gr.

3. gr.

Sé mannvirki að hluta gjaldskyllt en að hluta gjaldfrjálst skal innheimta nýbyggingargjald af hinum gjaldskylda hluta miðað við rúmmál hans eða sérstaklega áætlað kostnaðarverð sbr. 5. gr.

Gjaldskyldan nær jafnt til nýbygginga sem viðbygginga við eldri mannvirki.

4. gr.

Gjaldstofn nýbyggingargjalds skal vera áætlaður byggingarkostnaðar mannvirkis og skal gjaldið vera 2% af gjaldstofni.

5. gr.

Hagstofa Íslands skal gefa út skrá um áætlaðan byggingarkostnað á hvern rúmmetra í eftirtöldum tegundum mannvirkja: skrifstofuhúsnæði, verslunarhúsnæði, iðnaðarhúsnæði, landbúnaðarmannvirkjum og vörugeymslum. Skrár þessar skulu gefnar út í desembermánuði og júnímánuði ár hvert og skulu þær gilda næstu sex mánuði eftir útgáfu miðað við 1. janúar og 1. júlí ár hvert. Gjaldstofn nýbyggingargjalds skal að því er varðar þau mannvirki, er um ræðir í þessari máls-

grein, miðast við áætlun Hagstofunnar um byggingarkostnað og rúmmetraffjölda hins fyrirhugaða mannvirkis.

Gjaldstofn annarra mannvirkja en þeirra er um ræðir í 1. mgr. skal í hverju tilviki ákveðinn með áætlun Fasteignamats ríkisins á byggingarkostnaði þeirra. Sé mannvirki er um ræðir í 1. mgr. svo sérstætt að mati innheimtumanns að byggingarkostnaður verði ekki miðaður við þau meðaltöl er Hagstofan ákveður skal Fasteignamat ríkisins áætla byggingarkostnað þess og skal þá gjaldið miðað við þá áætlun.

6. gr.

Eindagi nýbyggingargjalds miðast við útgáfu byggingarleyfis eða upphaf byggingarframkvæmda sé mannvirki ekki háð byggingarleyfi sbr. lög nr. 54/1978. Upphaf framkvæmda í þessu sambandi skal miðast við framkvæmdir á byggingarstað þannig að hönnunarvinna og önnur undirbúningsvinna veldur því eigi að gjaldið falli í eindaga.

Þeim sem hyggja á framkvæmdir við gjaldskyld mannvirki sem ekki er háð útgáfu byggingarleyfis er skylt að tilkynna fyrirhugaðar framkvæmdir til innheimtumanns a. m. k. mánuði fyrir áætlað upphaf framkvæmda.

7. gr.

Nýbyggingargjald skal lagt á og innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs, í Reykjavík tollstjóra. Skulu þeir er hyggjast stofna til framkvæmda við gjaldskyld mannvirki gefa innheimtumanni yfirlýsingu um rúmmetratölu hins fyrirhugaða mannvirkis og gerð þess ásamt vottorði viðkomandi byggingarnefndar um stærð og gerð mannvirkis og öðrum þeim upplýsingum er innheimtumaður telur nauðsynlegar til ákvörðunar gjaldsins.

8. gr.

Taka má nýbyggingargjald lögtaki hjá byggingarleyfishafa eða eiganda mannvirkis. Nýbyggingargjaldinu fylgir lögveð í mannvirki því sem gjaldið er á lagt og skal ásamt dráttarvöxtum og innheimtukostnaði ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum er á eigninni hvíla. Ef mannvirkið eyðileggst eftir að gjaldið er fallið í eindaga er sami lögveðréttur fyrir því í tryggingafjárhæðum þess.

Sveitarstjórn er óheimilt að gefa út byggingarleyfi fyrir mannvirkjum sem gjaldskyld eru nema fyrir liggja sönnun þess að gjaldið hafi verið greitt að fullu. Sé þessa ekki gætt er sveitarstjórn ábyrg fyrir greiðslu gjalds af viðkomandi eign og getur innheimtumaður ríkissjóðs gengið beint að sveitarstjórn við innheimtu þess.

Sé nýbyggingargjald eigi greitt innan mánaðar frá eindaga, skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með eindaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari skulu varða sektum allt að 7 000 000 kr., sem renna í ríkissjóð, nema þyngri refsing liggja við. Um meðferð slíkra mála skal fara að hætti opinberra mála.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 117/1978, öðlast gildi 15. janúar 1979. Eru mannvirki sem út er gefið byggingarleyfi fyrir frá og með 15. janúar 1979 gjaldskyld skv. reglugerð þessari en þau mannvirki sem áður hefur verið gefið út byggingarleyfi fyrir eru gjaldfrjáls. Sé um að ræða mannvirki

sem ekki eru háð útgáfu byggingarleyfis miðast gjaldskylda á sama hátt við upp-
haf framkvæmda.

Fjármálaráðuneytið, 11. janúar 1979.

Tómas Árnason.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 3.

8. janúar 1979.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum
saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið
1. september til 31. desember 1978.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, staðfestir ráðuneytið hér með eftirfarandi grundvallarverð á verkuðum saltfiski (þorski) fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. ágúst 1978 annars vegar og frá 1. september til 31. desember 1978 hins vegar, og er þá átt við það tímabil, sem hinn óverkaði saltfiskur, sem til þurrkunar fer, er fámleiddur á:

Tímabilið frá 1. janúar til 31. ágúst 1978.

Especial	10/40	kr.	971,00
—	40/60	—	786,00
—	80/120	—	662,00
Miramar	10/40	kr.	790,00
—	40/60	—	579,00
—	60/80	—	541,00
—	80/120	—	479,00
Miradouro	10/40	kr.	616,00
—	40/60	—	527,00
—	60/80	—	489,00
—	80/120	—	451,00

Tímabilið frá 1. september til 31. desember 1978.

Especial	10/40	kr.	1.140,00
—	40/60	—	922,00
—	80/120	—	777,00
Miramar	10/40	—	926,00
—	40/60	—	678,00
—	60/80	—	635,00
—	80/120	—	562,00